

Stjórnarfundur FASK

19. fundur 24. Mars 2023 kl 11:00

Mættir: Fundurinn haldinn í húsnæði Glacier Journey - Víkurbraut: Haukur Ingi Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson, Bergþóra Ágústsdóttir

1. Fundur ISAVIA

Haukur gerði grein fyrir helstu þáttum sem fram kom á fundi ISAVIA og SVH og FASK. Fram kom á fundinum að SVH hafi óskað eftir stuttri greinargerð frá ISAVIA um hvað þyrfti til að byggja og opna lítinn millilandaflugvöll til að taka á móti minni flugvélum, einkabotum og því um líkt í SVH. Stjórn FASK fagnar því að ISAVIA og SVH séu að ræða saman um hvort og með hvaða hætti sé hægt að opna lítinn millilandaflugvöll. Stjórn FASK lýsir yfir fullum stuðningi við þau áform og mun styðja við bakið á SVH og ISAVIA í öllum góðum málum sem stuðla að bættum flugsamgöngum til Hornafjarðar.

2. Samningar - Atvinnutengd starfsemi:

Haukur gerði að málið væri ennþá í vinnslu - búið væri að fá jákvæð viðbrögð frá tveimur aðilum í afþreyingu en ekki hafi tími gefist til að vinna málið lengra vegna anna. Gert er ráð fyrir að senda út minnisblaðið ásamt stuttum texta og fá fram punkta málinu til stuðnings til fl aðila á næstu dögum og í kjölfarið vinna málið áfram með stjórn FASK í tþ og senda síðan á SVH.

3. Frétttaflutningur - Utanvegaakstur

Laufey gerði grein fyrir helstu umræðupunktum í tengslum við frétttaflutning um utanvegaakstur sem komst í fréttir RÚV fyrir skömmu. Stjórn FASK þykir leitt að frétttaflutningur og umræða um VJP og ferðapjónustu séu dregnar fram með þessum neikvæða hætti. Stjórn FASK bendir á að FASK og fl aðilar sem starfa innan þjóðgarðsins hafa ítrekað óskað eftir því að innviðir verði byggðir upp til að tryggja varðveislu náttúrunnar. Stjórn FASK hefur m.a tekið þátt í vinnu með þjóðgarðinum að koma á gjaldtöku til fyrirtækja sem starfa innan þjóðgars til að að byggja innviði upp og þannig draga úr álagi á náttúru. Stjórn FASK felur formanni að útbúa bréf þar sem farið

verði yfir málið með framkvæmdastjóra þjóðgarðsins, formanni svæðisráðs og þjóðgarðsverði.

4. Aðalfundur - undirbúningur

Formanni falið að senda drög að dagskrá að aðalfundi á stjórn FASK. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði haldinn að Smyrlabjörgum 27 apríl 17:00 - 18:00 - fyrir fundinn verði spjallfundur ferðapjónustunnar - 16:00 - 17:00 Hvað er í deiglunni - kaffi spjall fundur á Smyrla.

Fundi slitið 12:30